

til firmaskrár og eigi hafi verið gerður skriflegur félagssamningur, eins og áður er rakið. Ber samkvæmt því og með vísan til þess, sem áður er rakið um samkomulag aðilja um kröfufjárhæð og hlutdeild aðilja í fyrirtækinu, að taka kröfu stefnanda til greina að fullu, þó þannig, að vextir verða dæmdir í samræmi við breytingar á vöxtum frá útgáfu stefnu, þótt þeim hafi eigi sérstaklega verið mótmælt, þ.e. 4.75% mánaðarvöxtum (sic) frá 3. mars 1981 til 1. júní 1981, 4.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. apríl 1982, en 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir eiga að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Haraldur Árnason, greiði stefnanda, Ingva Óðinssyni, kr. 11.140.10 ásamt 4.75% mánaðarvöxtum frá 3. mars 1981 til 1. júní s.á., 4.5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20. apríl 1982, en 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. desember 1984.

Nr. 85/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Reyni Gunnarssyni

(Jón Kr. Sólves hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Erlingur Óskarsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til

þyngingar með stefnu 20. mars 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. ágúst sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing verður ákveðin fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið 2 ár.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Reynir Gunnarsson sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólness hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 27. desember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldinu með ákæru, útgefinni 29. apríl 1983, af ríkissaksóknara á hendur Guðmundi Reyni Gunnarssyni bifreiðarstjóra, Fossvegi 11 á Siglufirði, fæddum 28. ágúst 1949 á Urriðaa, Ytri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, fyrir að hafa fimmtudaginn 26. ágúst 1982 eða daginn eftir stolið kr. 31.534.86 úr afgreiðslukassa pósthússins á Siglufirði og með því að hafa laugardaginn 12. febrúar 1983 stolið peningakassa, sem í voru allt að 40.000.00 krónum í peningum og tékkum úr Bílastöðinni, Hvanneyrarbraut 29, Siglufirði.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1971 14/7 í Vestur-Hún: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 16. gr. 18. gr. og 46. gr. áfengisl. og 2. mgr. 61. gr. 1. um tollheimtu og tolleftirlit.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 12. febrúar 1983, kl. 19.50, kom á lögreglustöðina á Siglufirði Ingimar Þorláksson, forstöðumaður Bílastöðvar Siglufjarðar, og

skýrði frá því, að þá fyrr um daginn hefði peningakassi með peningum og tékkum í horfið úr peningaskáp í skrifstofu stöðvarinnar.

Við eftirgrennslan kom í ljós, að ákærði í máli þessu hafði þennan sama dag fengið leyfi til þess að nota síma, sem staðsettur er í skrifstofu stöðvarinnar. Í stað þess að nota símann stal ákærði peningakassanum og öllu, sem í honum var, úr peningaskápnnum. Eftir verknaðinn hvarf ákærði af vettvangi um bakdyr stöðvarinnar, án þess að til hans sæist, í bifreið sína F-797, sem stóð við bakdyrnar. Að því búnu ók ákærði sem leið liggur heim til sín að Fossvegi 11 og kom kassanum fyrir á háalofti í húsinu. Peningakassinn fannst síðar í vörubifreiðinni F-137, sem ákærði er ökumaður á. Eftir að ákærði hafði játað verknaðinn, skilaði hann peningakassanum og öllu, sem í honum var og ákærði hafði ekki notað í eigin þágu, sem voru um 4.400.00 krónur, en þær hefur ákærðu nú endurgreitt, eins og dómskj. nr. 5 ber með sér. Við yfirheyrslu hjá lögreglunni þann 16. febrúar sl. játaði ákærði að hafa áður framið slíkan verknað.

Féll nú grunur á, að ákærði hefði verið valdur að peningastuldi í pósthúsinu á Siglufirði fimmtudaginn 26. ágúst eða föstudaginn 27. ágúst 1982.

Við yfirheyrslur í sakadómi Siglufjarðar þann 16. febrúar 1983 játaði ákærði að hafa verið valdur að þjófnaðinum í pósthúsinu umrætt sinn. Ákærði kvaðst hafa komið í pósthúsið föstudaginn 27. ágúst sl. að loknum vinnudegi, um kl. 16.00, til þess að sækja böggul. Í afgreiðslunni hafi verið ein stúlka og þegar hún hefði brugðið sér frá til þess að sækja böggulinn, hafi ákærði teygt sig yfir afgreiðsluborðið og tekið peninga úr peningaskúffu, sem stúlkan hafi skilið eftir opna, 30.000.00 krónur. Við svo búið hafi ákærði farið úr pósthúsinu. Peningana notaði ákærði síðan í eigin þágu.

Álit dómsins.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, svo og með vísan til játningar ákærða verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í báðum liðum ákæruskjalsins. Brot ákærða er í ákæruskjalinu réttilega færð undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvörðun refsingar.

Með vísan til þess, að ákærði hefur átt við taugaveiklun að stríða frá unga aldri, að hann stundar fulla vinnu og hefur fyrir fjölskyldu að sjá, og með vísan til 1. mgr. 8. tl. 74. gr. og 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá

uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Reynir Gunnarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. desember 1984.

Nr. 198/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Lee Reyni Freer

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Þjófnður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1984 eftir ósk ákærða, Lee Reynis Freer, og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Málinu er eigi áfrýjað að því er varðar meðákærðu í héraði, en hún vildi una héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. f.m.

Fram hefur komið fyrir Hæstarétti, að ákærði hefur greitt fébætur þær, sem hann var dæmdur til að greiða með héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er ákærða varðar, þó svo, að refsing ákærða er hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.